

Lýðræðisstefna Garðabæjar

ÞÁTTAKA – ÞEKKING - ÞRÓUN
2021-2030

Inngangur

Nú lítur dagsins ljós endurskoðuð lýðræðisstefna fyrir Garðabæ sem byggir á eldri stefnu frá árinu 2010. Þess má geta að Garðabær var fyrsta sveitarfélagið á Íslandi sem setti sér lýðræðisstefnu. Undanfarin ár hefur Garðabær lagt áherslu á framúrskarandi þjónustu og ánægju íbúa þar sem lýðræði og virkt samráð er einn af hornsteinum stjórnkerfisins.

Bæjarstjórn Garðabæjar er skipuð 11 fulltrúum sem eru kjörnir í sveitarstjórnarkosningum á fjögurra ára fresti.¹ Bæjarstjórn fer með stjórn bæjarins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Í sveitarstjórnarlögum sem og ýmsum öðrum lögum og reglum á Íslandi er að finna ákvæði um samráð er varðar verkefni sveitarfélaga.

Mikilvægt er að efla lýðræðislega þátttöku íbúa sem og annarra hagsmunaaðila, s.s. félagasamtaka, stofnana og fyrirtækja, og veita þannig bæjarstjórn og starfsmönnum Garðabæjar gott veganesti til að taka ákvarðanir í málefnum sveitarfélagsins. Það eru mikil verðmæti fólgin í því að virkja þekkingu og reynslu íbúa í starfsemi bæjarins.

Lýðræðisstefna Garðabæjar byggir á meginmarkmiðunum **þátttöku, þekkingu og þróun**. Stefnan tekur jafnframt mið af þeim undirmarkmiðum *Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna* sem Garðabær hefur valið sér til innleiðingar² og *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*³. Í öðrum stefnum Garðabæjar líkt og jafnréttisstefnu, lýðheilsu- og forvarnastefnu, skólustefnu og þjónustustefnu eru áherslur og markmið sem tengjast lýðræðisstefnu bæjarins. Einnig var stuðst við handbók Sambands íslenskra sveitarfélaga um íbúasamráð⁴ við gerð stefnunnar.

Fjölskylduráð Garðabæjar samþykkti að hefja vinnu við endurskoðun lýðræðisstefnu Garðabæjar haustið 2019. Stefnan var unnin af þverfaglegum starfshópi starfsmanna í samráði við fjölskylduráð Garðabæjar, nefndir bæjarins og íbúa. Endurskoðuð lýðræðisstefna Garðabæjar var samþykkt í bæjarstjórn í *dags mánuður* 2021.

¹ Fulltrúalýðræði er sú tegund lýðræðis þar sem kjörnir fulltrúar fara með framkvæmd lýðræðis í umboði íbúa.

² Garðabær vinnur að innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem gilda til ársins 2030. 38 undirmarkmið hafa verið valin fyrir Garðabæ.

³ Garðabær tekur þátt í verkefninu Barnvænt sveitarfélag í tengslum við innleiðingu á Barnasáttmálanum.

⁴ Handbók Sambands íslenskra sveitarfélaga „Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa“ var gefin út í lok árs 2017.

Framtíðarsýn og meginmarkmið

Með lýðræðisstefnu Garðabæjar eru lagðar línur fyrir farsælt samstarf til framtíðar milli kjörinna fulltrúa, stjórnarsýslu og íbúa og annarra hagsmunaaðila með öflugri samráðsmenningu; rökræðum, samtali, samráði og upplýsingagjöf. Það verður gert með jákvæðni, fagmennsku og áreiðanleika í fyrirrúmi.⁵

Mikilvægt er að íbúar Garðabæjar upplifi sanngirni, réttlæti og jafnrétti í samskiptum við stjórnarsýsluna til að auka traust og stuðla að virku íbúalýðræði. Stofnanir Garðabæjar eiga að vera skilvirkar og ábyrgar á öllum sviðum og hafa gagnsæi að leiðarljósi.⁶ Með þátttöku, þekkingu og þróun er hægt að styðja við og efla lýðræðið og um leið þá fjölbreyttu þjónustu sem er veitt á öllum sviðum bæjarins.

Meginmarkmið:

- **Þátttaka** – Allir íbúar Garðabæjar eiga á auðveldan hátt að geta **tekið þátt** í samráðsferlum við ákvarðanatöku og stefnumótun sveitarfélagsins.⁷ Með breiðri þátttöku komast fleiri og mismunandi sjónarmið að og styrkja umræðuna. Með **þátttöku** í samráði geta íbúar haft áhrif til að efla nærumhverfi sitt og samheldni í samfélaginu.⁸ Með aukinni **þátttöku** í sveitarstjórnarkosningum eflist lýðræði á sveitarstjórnarstiginu.
- **Þekking** – Þekking íbúa á málefnum sveitarfélagsins og lýðræðislegum ferlum getur stuðlað að meiri sátt um ákvarðanir og um leið verið hvetjandi til þátttöku og leitt til betri og skilvirkari þjónustu. Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn þurfa að hafa þekkingu á hlutverki sínu og ferlum til ákvörðunartöku.
- **Þróun** – Styðja þarf við lýðræðislega ferla, nýjar leiðir og stafræna þróun í því skyni að auka gæði þjónustu og lífsgæði í samfélaginu í heild sinni.

⁵ Grunnngildi Garðabæjar: jákvæðni, fagmennska og áreiðanleiki, sett fram í þjónustustefnu Garðabæjar.

⁶ Heimsmarkmið 16 – Friður og réttlæti (gr. 16.6)

⁷ Heimsmarkmið 10 – Aukinn jöfnuður (gr. 10.2)

⁸ Heimsmarkmið 11 – Sjálfbærar borgir og samfélög (gr. 11.3)

Þátttaka

Áhersluþættir:

- Tryggja að allir íbúar Garðabæjar, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu hafi möguleika á að taka þátt í lýðræðisferlum.
- Skapa tækifæri og hvetja íbúa Garðabæjar og hagsmunaaðila til að taka þátt í fjölbreyttum lýðræðisverkefnum, s.s. þátttökufjarlagagerð, ákvarðanatöku og stefnumótandi verkefnum á vegum sveitarfélagsins.
- Stöðugt sé leitað nýrra og skilvirkra leiða til að styðja við aukna lýðræðisþátttöku íbúa.
- Áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar skal hafa samráð við íbúa og hagsmunaaðila, s.s. félagasamtaka, stofnana og fyrirtækja, sem hafa hagsmuna að gæta.

Þekking

Áhersluþættir:

- Stuðla að auknum áhuga, vitund og þekkingu íbúa Garðabæjar á málefnum sveitarfélagsins með fræðslu um lýðræði og lýðræðislega þátttöku.
- Tryggja öflugt almennt upplýsingaflæði og upplýsingagjöf á skýran hátt í gegnum stofnanir Garðabæjar og tiltæka miðla þeirra, svo sem í þjónustuveri, bókasafni, vefsíðum, samfélagsmiðlum, með kynningarbréfum, íbúafundum, í samráðsgátt eða með öðrum leiðum í samskiptum við íbúa og hagsmunaaðila.
- Stjórnámálamaður og starfsmenn stjórnsýslu Garðabæjar hafi þekkingu og getu til að leiða fjölbreytta lýðræðisferla.
- Næsta kynslóð sem er að vaxa úr grasi öðlist þekkingu og færni til að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með fræðslu um réttindi sín, samfélagsmál og lýðræði.⁹ Nemendur í leik- og grunnskólum eiga þannig að geta haft áhrif og mótað eigin skólagöngu en jafnframt að fá tækifæri og öðlast hæfni til að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi utan skólans.¹⁰

⁹ Heimsmarkið 4 Menntun fyrir alla (gr. 4.7)

¹⁰ Barnasáttmáli (13. gr)

Þróun

Áherslupættir:

- Þjónusta Garðabæjar verði ávallt þróuð í samráði við notendur hennar, t.d. með rýnihópum, könnunum o.fl., svo íbúar sem nota þjónustu hverju sinni geti haft áhrif á hana.
- Efla stafræna þróun stjórnáslunnar og stafræna hæfni íbúa til að geta tekið þátt í stafrænum lýðræðis- og samráðsferlum en um leið að nálgast íbúa á þeirra forsendum og bjóða þeim ólíkar leiðir til að hafa áhrif.
- Meta árangur lýðræðisferla og samráðs með reglubundnum hætti.
- Efla lýðræðisleg vinnubrögð, einfalda ferla stjórnsýslu og tryggja áfram stuttar boðleiðir og gott beint aðgengi að kjörnum fulltrúum og starfsmönnum Garðabæjar.

Ábyrgð og framfylgd

Lýðræðisstefna Garðabæjar heyrir undir fjölskylduráð Garðabæjar sem fer jafnframt með störf jafnréttisnefndar. Fagsvið Garðabæjar bera ábyrgð á því að framfylgja þeim markmiðum sem birtast í stefnunni. Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn bera ábyrgð á að fylgja eftir meginmarkmiðum og áherslupáttum er varðar þeirra nefndarstarf.

Stefnunni fylgir aðgerðaráætlun þar sem tilgreind eru m.a. markmið og ábyrgðaraðilar hvers verkefnis. Einnig fylgir stefnunni viðauki með helstu leiðum fyrir íbúa til að hafa samráð og upptalning á helstu lögum og reglum sem fjalla um samráð.

Stefnan gildir til ársins 2030 en skal endurskoðuð í upphafi hvers kjörtímabils. Aðgerðaráætlun og viðauki skulu yfirfarin annað hvert ár.

Lýðræðisstefnan ásamt fylgiskjölum er birt á vef Garðabæjar, gardabaer.is, þar sem hún er aðgengileg fyrir íbúa, starfsmenn, nefndir og ráð.